

Laugardag 5.mars 1983 mættu til fundar í skólanum

Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, form.skólanefndar Halldór Guðmundsson og Bogi Hallgrímsson, til að ræða ráðstöfun fjárfestingarfjár ársins 1983, en það er kr. 1.333.000. Af því er þegar búið að fáðstafa kr.300.000, svo að eftir er 1.033.000.- Fundarritari var Valtýr Guðjónsson.

1. ráðagerð: Hellulögn og lyfting lóðar við norðurhlið skólahússins allt að kr. 400.000. Bent á nauðsyn þess að ræsa fram lóðina. Fyrir lágu kostnaðaráætlanir frá garðyrkju- stjóra bæjarins, ásamt skipulagsreikningum af skóla- svæðunum við Sunnubraut, og sérstaklega bent á æskilegar framkvæmdir á árinu hið næsta skólanum.
2. Breyting á biðstofum umsjónarmanns, til samræmis við stíl á aðalgangi og skrifstofu. Allt að kr. 25.000.-
3. Tækjakaup vegna mótuneytis nemenda, og breyting á eldhúsi kaffistofunnar; hafði aðstoðarskólameistari gert athugun á þessu, ásamt nemendum. Samkvæmt henni þarf að kaupa örbylgjuofn, kr. 30.000, frystikistu kr.15.000, og síðan breyting á húsnæði kr.30.000. Þá var og minnst á kaup á frystiskáp fyrir kennara, kr.15.000. Alls kr. 90.000
4. Kaup á tækjum vegna flugnáms, skv. ábendingu Odds Pálssonar: Sjónvarpstæki kr.25.000, afspilunataki kr.36.000, og e.t.v síðar myndatökuvél, kr.50.000 Alls kr.111.000
5. Kaup á tækjum fyrir teiknikennslu, sbr. ábendingu Sturl.Björnssonar. Um er að ræða teikniborð, teiknivél og lampa, 15 sett af þessu, alls kr.172.005
6. Kaup á tækjum og búnaði fyrir málmiðnabraut, skv. ábendingu Sig Erlendssonar, nl.haldara fyrir harðstál kr.15.000, búnað til geymslu á þegar keyptum fylgi- hlutum með vélum kr.25.000, alls kr. 40.000. Bent á þörf á auknu húsnæði fyrir vélstjórnar- og rafiðnabr. en það myndi fánlegt til leigu eða kaups í nágrenni Iðavalla 1, þ.e. í húsin RVK, sem verið er að ganga frá. Það er á tveim hæðum.
7. Kaup á tækjum fyrir rafiðnabraut, þar í: stórar millimótstöður kr. 20.000, nákvæmur viðnámsmælir kr.6.000, 2 st. Wattmælir kr. 20.000, PLC stýritölva kr.40.000, alls kr. 66.000
8. Kaup á tækjum fyrir vélstjórnarbraut, tæki til

kælitækni-kennslu og bilanagreiningar,kr.75.000,  
ennfremur tæki til stýritæknikennslu kr.20.000,  
alls kr.95.000.

Framanritaðir liðir 1-8 nema samtals kr.999.005

9. Þá var allmikið rætt um hönnun á viðbótarbyggingu  
við skólann, sem ráðgerð er, og kemur fram á  
skipulagsuppdretti, og er vegna rúmleysis í skólanum  
nauðsynleg. Áætlun um hönnunarkostnað lá ekki  
fyrir, enda skortur á fjármagni, ef framangreindar  
innkaupaáætlanir verða framkvæmdar.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson.

10. Málum á neðri hæð.